

## AUGLÝSING

### **um uppsögn samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands og samnings milli Íslands og Tékklands um viðskipti með landbúnaðarafurðir.**

Með orðsendingu 30. október 2003 var norska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Tékklands á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands sem gerður var í Prag 20. mars 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1992, þar sem samningurinn er birtur, 1/1993 og 6/1993. Uppsögnin öðlaðist gildi 30. apríl 2004 og féll samningurinn þá úr gildi. Með sömu orðsendingu var sagt upp samningi milli Íslands og Tékklands um viðskipti með landbúnaðarafurðir sem gerður var með orðsendingaskiptum í Genf og Prag 1. júní 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 23/1992, þar sem samningurinn er birtur, 3/1993 og 24/1993. Uppsögnin öðlaðist gildi 30. apríl 2004 og féll samningurinn þá úr gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Gunnar Snorri Gunnarsson.*